

Um Evrópsku samfélagskönnunina (ESS)

Evrópska samfélagskönnunin (The European Social Survey, einnig nefnd ESS) er könnun á félagslegum viðhorfum, skoðunum og hegðun fólks í löndum Evrópu.

The European Social Survey ERIC (European Research Infrastructure Consortium) er aðilinn sem sér um framkvæmd könnunarinnar. ESS er gerð í yfir 30 löndum í Evrópu á tveggja ára fresti. Spurt er ýmissa spurninga um viðhorf þín, nágreppi þitt, atburði í lífi þínu og jafnframt eru staðreyndaspurningar. Upplýsingum sem er safnað er síðan skeytt saman og eru niðurstöður notaðar til að bera þau lönd saman sem taka þátt. Samkomulag er á milli ESS ERIC og annarra stofnana og fyrirtækja sem eru í samstarfi við ESS um meðhöndlun á þínum persónulegu gögnum.

Það er okkur mikilvægt að persónulegu upplýsingar þínar séu vel varðar. Þetta fylgibréf tilgreinir hvað við gerum við þær upplýsingar sem við öflum og geymum.

Þú þarft leyfi foreldris eða forráðamanns til að taka þátt ef þú ert yngri en 18 ára. Foreldri eða forráðamaður getur beðið um að fá að sjá spurningalistann í heild sinni áður en þú svarar svo það viti hvaða spurningum þú munt svara.

1. Hvaða upplýsingar um þig notum við?

Allar upplýsingar sem geta auðkennt þig eru flokkaðar sem „persónuupplýsingar“ og eru verndaðar af lögum. Þessar upplýsingar eru meðal annars nafn þitt, heimilisfang og tengiliðaupplýsingar. Sumar þessara upplýsinga eru síðan flokkaðar sem „viðkvæmar persónuupplýsingar,“ en það eru upplýsingar varðandi heilsu þína, aðild að stéttarfélagi og stjórnmalaskoðanir. ESS safnar öllum þessum gögnum.

Ef þú velur að taka ekki þátt í þessari könnun, þá kann upplýsingum um hvers vegna verða safnað, til dæmis ef um er að ræða tungumálaörðugleika.

Spyrill á okkar vegum mun spyrja þig spurninga og svör þín verða skráð í tölvu. Ef þú byrjar á könnuninni en klárar ekki, þá verða upplýsingar sem þú veittir fram að því, notaðar, nema þú takir annað fram við okkur (sjá hluta 6. Þín réttindi, að neðan).

2. Hvers vegna höfum við samband við þig?

Nafnið þitt var dregið út í tilviljunarúrtaki úr Þjóðskrá. Slík aðferð er notuð til að sem mestar líkur séu á að úrtakið endurspegli íbúa landsins með tilliti til kyns, aldurs og búsetu. Ef þú ert yngri en 18 ára á þeim tíma sem viðtalið er tekið, verður forráðamaður beðinn um leyfi fyrir þinni þátttöku. Ef þú ert forráðamaður þá getur þú beðið um að sjá spurningalistann áður en hann er lagður fyrir.

3. Hvenær verða upplýsingarnar þínar notaðar?

Evrópska samfélagskönnunin er gerð árið 2026 hér á Íslandi. Við söfnum gögnum um þig þegar könnunin er í undirbúningi, þegar við bjóðum þér að taka þátt, þegar könnun er í gagnaöflun, þegar þú svarar spurningalistanum og eftir það. Samskiptaupplýsingunum um þig er síðan eytt þegar niðurstöður könnunarinnar eru birtar af ESS ERIC sem verður í

síðasta lagi í desember 2027. Hins vegar verða svör þín í könnuninni geymd á öruggan hátt í ótilgreindan tíma, án persónugreinanlegra upplýsinga, í gagnþjónustu ESS í Noregi (hjá Sikt - Norwegian Agency for Shared Services in Education and Research (www.sikt.no)).

Ef þú samþykkir að það megi hafa samband við þig aftur vegna framhaldskannana á *Evrópsku samfélagskönnuninni*, verða tengiliðaupplýsingar þínar geymdar til loka árs 2030. Þess ber að geta að ef þú samþykkir þátttöku í framhaldskönnunum verða svör þín sem þú veitir í þessari könnun borin saman við svörin í framhaldsskönnunum.

4. Hvaða stofnanir fá aðgang að þínum upplýsingum?

- Á Íslandi er það Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sem ber ábyrgð á uppsetningu og framkvæmd könnunarinnar. Árni Bragi Hjaltason og Ævar Þórólfsson gegna þar hlutverki landsstjóra (National coordinators / NC) ESS á Íslandi. Þeir og annað starfsfólk Félagsvísindastofnunar sem kemur að verkefninu hafa aðgang að tengiliðaupplýsingunum þínum.
- Centerdata, sjálfstæð óhagnaðardrífín stofnun, staðsett á háskólalóðinni við Tilburg háskóla í Hollandi, og er ábyrg fyrir könnunarkerfinu og fylgist með framvindu gagnaöflunar, getur nálgast persónuupplýsingar þínar, þó það sé ekki gert að jafnaði.
- Ef þú samþykkir að haft verði samband við þig aftur mun Centerdata geyma tengiliðaupplýsingar þínar til loka árs 2030.
- Tengiliðaupplýsingar sem við notum til að hafa samband við þig eru geymdar sér og munu ábyrgðaraðilar hafa aðgang að þeim.
- ESS ERIC gagnavarsla, hjá Sikt í Noregi, geymir svörin þín algjörlega nafnlaust og án tengiliðaupplýsinga þinna um óákveðinn tíma. Svörin þín verða send frá Félagsvísindastofnun í gegnum netið í gegnum vefhýsingu frá Háskólanum í Pompeu Fabra (UPF) á Spáni.

Ef upplýsingar flytjast á milli stofnana sem taka þátt í þessari könnun þá er það gert á öruggan hátt. Ef gögn eru flutt til Bretlands þá er það gert samkvæmt jafngildisákvörðun Framkvæmdastjórnar ESB frá júní 2021 sem segir til um flutning persónugagna frá ESB til Bretlands.

Niðurstöður könnunarinnar verða gerðar opinberar á vefsíðu ESS (www.europeansocialsurvey.org).

Vegna spurninganna sem lagðar eru fyrir í könnuninni, er lítilsháttar möguleiki á að þegar búið er að tengja saman gögnin að hægt sé að bera kennsl á þig. Hins vegar eru aðferðir notaðar til koma í veg fyrir það á öllum stigum könnunarinnar. Gagnavörslusamningarnir taka einnig til þess að sum svör þátttakanda eru ekki birt. Rannsakendur geta hins vegar óskað eftir aðgang að þessum gögnum, en slíkir rannsakendur þurfa að starfa við viðurkenndar rannsóknarstofnanir. Þessi óbirtu gögn geta innihaldið persónugreinanlegar upplýsingar og sé þeim skeytt saman er aðeins líklegra að þessi samsettu gögn geti borið kennsl á þig. Hins vegar þarf sérstakt leyfi frá ESS til að nálgast þessi gögn og það eru tekin ákveðin skref til að koma í veg fyrir að þessi gögn, sem voru ekki í birtu niðurstöðunum, beri kennsl á þig.

5. Hvaða rétt höfum við á því að safna persónuupplýsingum um þig?

Evrópska samfélagskönnunin er gerð á tveggja ára fresti og styðst við þann lögmæta grundvöll að verkefnið varðar almannahag og er nauðsynleg fyrir rannsóknir og vistun gagna samkvæmt reglugerðum um gagnavernd og innlendum lögum.

6. Þín réttindi

Þú hefur rétt á:

- að nálgast þínar persónuupplýsingar
- að biðja um að gögn sem við höfum um þig, séu leiðrétt ef einhverjar villur er þar að finna
- að biðja um að gögnum um þig sé eytt
- að biðja um að úrvinnsla gagna um þig sé sett í bið á meðan gögnin um þig eru leiðrétt eða athugað hvort þau séu rétt
- að mótmæla úrvinnslu okkar á persónuupplýsingunum þínum

Á meðan við getum borið kennsl á þig í niðurstöðum ESS (svörum í könnuninni) átt þú rétt á þessu. Ef þú vilt að gögnum þínum sé eytt, vinsamlega hafðu samband við Félagsvísindastofnun. Ef þú hefur spurningar um réttindi þín, geturðu haft samband við ESS ERIC Data Protection Officer.

Um leið og persónugreinanlegum upplýsingum um þig, eins og nafni og heimilisfangi, hefur verið eytt mun ekki vera mögulegt að eyða út upplýsingunum sem þú veittir. Þetta skýrist af þeirri ástæðu að um leið og þessum upplýsingum hefur verið eytt, krefst það gríðarlegrar vinnu að bera kennsl á þig í þeim upplýsingum sem eftir verða. Þú átt einnig rétt á því að leggja fram kvörtun til Persónuverndar eða Bresku persónuverndarstofnunarinnar.

Vinsamlega hafðu samband við okkur ef þú hefur spurningar eða þú vilt leggja fram kvörtun

- Félagsvísindastofnun, sími: 525-4545, netfang: ess@hi.is
- Ábyrgðaraðili: ESS ERIC, c/o ESS ERIC HQ, St George's University of London, Northampton Square, London EC1V 0HB, UK. ess@city.ac.uk (Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á að vernda þínar persónuupplýsingar)
- Gagnavörsluaðili, ESS ERIC: dpo.esseric@europeansocialsurvey.org
- GDPR fulltrúi fyrir ESS ERIC: CESSDA ERIC, Solheimsgaten 16, 5058 Bergen Noregi: ess-gdpr@cessda.eu

Ef þú vilt leggja fram kvörtun, vinsamlega hafðu samband við:

Persónuvernd: sími 510-9600; postur@personuvernd.is

eða

Breska persónuverndarstofnunina: <https://ico.org.uk/global/contact-us/email>

Yfirlýsingu ESS ERIC um gagnavernd má finna á: www.europeansocialsurvey.org/about/privacy.html

Hvernig hægt er að finna niðurstöður könnunarinnar

Þú getur fundið niðurstöður könnunarinnar á vefsíðu European Social Survey, www.europeansocialsurvey.org.